

Breytingartillaga frá Stjórn BLÍ fyrir 40. ársþing, haldið í Laugardalshöllinni 12. maí. 2012

Reglugerð um félagaskipti

1. gr.

Leiktíð er frá 15. september til 15. maí

2. gr.

Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og staðfestingargjald ~~kr. 3,000~~ kr. 5.000 kr. sem greiðist til BLÍ.

3.gr.

Fullgild félagaskipti, móttekin á skrifstofu BLÍ, frá 15. maí til 15. október ár hvert eða, taka gildi um leið og stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóri hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

4.gr.

Hafi leikmaður ekki leikið með félagi sínu í eitt ár, telst hann hlutgengur með nýju félagi um leið og fullgild félagaskipti hafa verið móttekin og samþykkt af stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóra

5.gr.

Félagaskipti sem lögð eru fram eftir 15. október ár hvert taka gildi tveimur vikum eftir móttöku þeirra, að því tilskyldu að stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóri hafi samþykkt þau. Félagaskipti sem lögð eru fram eftir 15. febrúar ár hvert taka ekki gildi fyrr en 15. maí um leið og stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóri hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

6.gr.

Leikmanni er aðeins heimilt að skipta um félag tvisvar á hverri leiktíð og jafnframt er leikmaður einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1. gr.

Stjórn BLÍ skal ávallt fjalla um og samþykkja ef unnt er, móttöku yfirlýsingar um félagaskipti á fyrsta fundi eftir að yfirlýsingin er móttekin. Ef líða þarf einn eða tveir mánuðir frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi, er sá tími talinn frá samþykktri móttöku yfirlýsingar og staðfestingargjalds.

2. gr.

Móttaka skjala vegna félagaskipta telst gild ef framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður vottar hana skriflega, og lætur tvo aðila, innan stjórnar eða framkvæmdastjóra, vita daginn sem móttekið er.

3. gr.

Félagaskipti taka ekki gildi fyrr en yfirlýsing um skiptin, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins hafa verið móttekin.

4. gr.

Stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóra er heimilt að samþykkja félagaskipti ef yfirlýsing leikmanns og staðfestingargjald hafa verið móttekin skv. 2. gr. og móttaka samþykkt, með þeim fyrirvara að samþykki gamla félagsins sé móttekið samkvæmt reglum um móttöku skjala skv. 2. gr. starfsgreinar.

5. gr.

Berist samþykki gamla félagsins ekki fyrr en eftir að tilskilinn tími til félagaskipta er liðinn (1 mánuður eða 2 mánuðir), er leikmaður löglegur daginn eftir að skjalið hefur verið móttekið skv. 2. gr. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

Rökstuðningu:

Félagaskiptagjald hefur haldist óbreytt í mjög mörg ár og í takt við almenna verðlagsþróun telur stjórn BLÍ rétt sé að hækka þetta gjald.

Flutningsmaður: Stjórn BLÍ